



PERSÓNUVERNDARSTEFNA

MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR

FSRE ábyrgist að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018. Einungis er unnið með þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar þykja vegna starfseminnar til þess að sinna lögbundnum verkefnum stofnunarinnar.

Vinni FSRE með persónuupplýsingar er það á grundvelli heimildar í eftirfarandi lögum:

- [Nr. 84/2001](#) Lög um skipan opinberra framkvæmda
- [Nr. 120/2016](#) Lög um opinber innkaup
- [Nr. 6/2001](#) Lög um skráningu og mat fasteigna
- [Nr. 70/1996](#) Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
- [Nr. 37/1993](#) Stjórnsýslulög
- [Nr. 140/2012](#) Upplýsingalög
- [Nr. 80/2004](#) Ábúðarlög
- [Nr. 81/2004](#) Jarðalög
- [Nr. 123/2015](#) Lög um opinber fjármál

Reglugerðir og starfsreglur á grundvelli ofangreindra laga

HVENÆR VINNUR FSRE MEÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR?

Útboð

Þegar um er að ræða útboð á vegum FSRE er skráð í útboðsgögn hverju sinni hvaða persónuupplýsingum þarf að skila inn og hver ástæðan er fyrir því að beðið er um þær upplýsingar. Samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 er skylt að kalla eftir tilteknum persónuupplýsingum til að sanna að útilokunarástæður laganna eigi ekki við um stjórnendur og eigendur fyrirtækja sem sækjast eftir opinberum samningum. Einnig getur þurft að kalla eftir persónuupplýsingum um starfsmenn fyrirtækja til að geta metið hvaða tilboð er hagstæðast eða til að meta hæfi fyrirtækja til að uppfylla samninga.

Húsnæðisöflun og leiguverkefni

Við verkefni FSRE um húsnæðisöflun og leigu á húsnæði fyrir opinbera aðila kann að vera óskað eftir yfirlýsingu þátttakenda að tiltekna ástæður eigi ekki við um stjórnendur og eigendur fyrirtækis. Að auki kann að vera óskað eftir upplýsingum um skil á opinberum gjöldum og greiðslum í lífeyrissjóði. Tengiliðaupplýsingar eru einnig nauðsynlegar. Við mat á innsendum lausnum kann í einhverjum tilvikum að vera kallað eftir upplýsingum um fyrri verk/störf.



Jarða- og auðlindamál

Við verkefni FSRE á sviði jarða- og auðlindamála kann að vera kallað eftir gögnum sem innihalda persónuupplýsingar. Er það á grundvelli ábúðarlaga, jarðalaga, laga um skráningu og mat fasteigna, reglugerða og starfsreglna á grundvelli þeirra.

Upplýsingar varðandi starfsmenn og umsækjendur um störf hjá FSRE

FSRE geymir upplýsingar er varða starfsmenn vegna ráðningarmála, afgreiðslu launa og starfstengdra réttinda. Settar hafa verið innri verklagsreglur varðandi varðveislu persónuupplýsinga um starfsmenn stofnunarinnar. Þegar sótt er um starf hjá FSRE er unnið með persónuupplýsingar um umsækjanda. Þær upplýsingar eru skráðar í málaskrá stofnunarinnar. Þeir sem aðgang hafa að umsóknum um störf eru forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stafrænna innviða. Jafnframt kunna framkvæmdastjórar viðeigandi sviða og deildarstjórar viðeigandi deilda að fá aðgang að umsóknum.

FSRE kann að notast við þjónustu ráðningastofu og er þá gerður vinnslusamningur við þá stofu.

KÖKUR (E. COOKIES) Á VEFSÍÐU FSRE

Vefsíða FSRE notar „kökur“, en það eru litlar textaskrár sem vistast á því tæki sem notað er til að fara á vefsíðuna. Kökur kunna að vera notaðar til að vista val og stillingar notenda til þess að tryggja sem besta upplifun á vefsíðunni, bæta hana og veita notendum góða þjónustu með því að greina aðgerðir á vefsvæðum.

ÖRYGGISMÁL

FSRE ábyrgist að persónuupplýsingar sem stofnunin óskar eftir verði varðveittar á tryggum stað og enginn óviðkomandi aðili hefur aðgang að þeim. Settar hafa verið sérstakar verklagsreglur fyrir starfsmenn um varðveislu gagna og meðferð þeirra. Verði persónuupplýsingum deilt með þriðja aðila er það einungis á grundvelli lögbundinna verkefna FSRE sem eiga sér stoð í þeim lögum sem stofnunin starfar eftir. FSRE telur að stofnunin hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga/gagna sem stofnunin fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni.

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM OG GEYMSLUTÍMI ÞEIRRA

Þegar FSRE, í verkefnum sem stofnunin sinnir fyrir hönd opinbers aðila, óskar eftir gögnum er innihalda persónuupplýsingar, kann þeim upplýsingum að verða deilt með opinbera aðilanum. Er það til að framfylgja lögbundnum verkefnum beggja aðila og tryggja framvindu þess verkefnis sem um ræðir. Kaupandi/opinber aðili telst ekki þriðji aðili í þessu samhengi.

Þá hvíla ýmsar lagaskyldur á FSRE um afhendingu gagna til að mynda til kærunefndar útboðsmála og úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila



(FSRE) að fá aðgang að persónuupplýsingum, láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu. FSRE staðfestir að þau gögn er stofnunin fær aðgang að verða ekki flutt út fyrir EES svæðið. Rétturinn til eyðingar eða rétturinn til að gleymast á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá FSRE þar sem stofnunin er bundin að lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn til að varðveita allar upplýsingar sem henni berast.

PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Hildur Georgsdóttir aðallögfræðingur FSRE er persónuverndarfulltrúi stofnunarinnar. Netfang Hildar er hildur.georgsdottir@fsre.is

Persónuverndarstefna þessi kann að vera uppfærð og verður það tilkynnt sérstaklega.